

Öryggisreglur

⚠ Almennar öryggisreglur ⚠

Sýnið varúð við notkun vinnuvélarinnar í halla. Upphækk-aður búnaður, fullir geymar og annað hlass mun breyta þyngdarmiðu vinnuvélarinnar. Vinnuvélin getur oltið ná-lægt skurðum og bökkum eða ósléttu undirlagi.

Aldrei skal leyfa neinn annan en stjórnandann að aka vinnuvélinni.

Notið ekki vinnuvélina undir áhrifum áfengis eða lyfja eða ef hæfni ykkar er á annan hátt skert.

Við gröft eða notkun jarðvinnsluverkfæra skal hafa í huga kapla sem eru grafnir. Hafið samband við staðbundin veitufyrirtæki til að ávarða staðsetningu á slíku.

Sýnið varúð hvað varðar loftraflínur og tálma sem hanga. Háspennulínur kunna að krefjast fríbils sem er umtalsvert í öryggisskyni.

Leki vökvakerfiolíu eða dísilolíu undir þrýstingi getur borist inn í húðina og valdið alvarlegu líkamstjóni eða sykingu.

- Notið EKKI hendurnar til að athuga með leka. Notið pappaspjald eða pappír.
- Drepið á vélinni, fjarlægið lykilinn og losið þrýstinginn áður en eldsneytisleiðslur eru tengdar eða aftengdar.
- Tryggið að ástand allra íhluta sé gott. Herlið öll tengi áður en vélin er gangsett eða þrýstingur er settur á kerfið.
- Ef vökvakerfisolía eða dísil fer undir húðina skal leita tafarlaust læknishjálpar.
- Stöðug, langtímasnerting við vökvakerfisolíu getur valdið húðkrabbameini. Forðist langvarandi snertingu og þvoið húðina strax með sápu og vatni.

Haldið ykkur fjarri hreyfihlutum. Víður fatnaður, skart-gripir, úr, langt ár og aðrir víðir eða hangandi hlutir geta flækst í hreyfihlutum.

Notið hlífðarbúnað þegar við á.

EKKI reyna að fjarlægja hluti úr neinum hluta vinnuvélar-innar á meðan hún er í notkun eða íhlutir hennar eru á hreyfingu.

Tryggið að allar hlífar séu í góðu ástandi og rétt uppsettar áður en þið stjórníð vinnuvélinni. Aldrei má nota vinnuvél-ina þegar búið er að fjarlægja hlífarnar. Ávallt skal loka dyrum eða stjórnborðum fyrir notkun vinnuvélarinnar.

Óhrein eða hál þrep, stigar, göngustígar og pallar geta valdið falli. Tryggið að þessi yfirborð séu hrein og laus við leifar.

Aðili eða gæludýr á vinnslusvæði vinnuvélarinnar getur orðið fyrir höggi eða kramist af vinnuvélinni eða búnaði hennar. EKKI leyfa neinum að fara inn á vinnusvæðið.

Upphækkaður búnaður og/eða hlass getur fallið óvænt og kramið aðilana undir því. Aldrei skal leyfa neinum að fara undir svæði upphækkaðs búnaðar við vinnslu.

Aldrei skal nota vélina í lokuðu rými þar sem skaðlegt afgang getur safnast upp.

Áður en vélin er ræst skal tryggja að öll stjórnþæki séu í hlutlausri stöðu eða kyrrstöðu.

Ræsið vélina aðeins úr sætis stjórnandans. Ef farið er framhjá öryggisræsirofa er hægt að ræsa vinnuvélina í gír. Tengjið ekki eða farið framhjá stöðvum á ræsisegull-iðanum. Festið startkapla eins og lýst er í handbókinni. Ræsting í gír getur valdið dauða eða alvarlegu líkams-tjóni.

Ávallt skal hafa glugga, spegla, öll ljós, merkið fyrir hæg-fara ökutæki (SMV) og táknið fyrir hraðaaðkenningu (SIS) hreint til að veita besta mögulega sjónsvið á meðan þið stjórníð vinnuvélinni.

Notið stjórnþækina aðeins þegar setið er í sæti stjórnanda, að undanskildum þeim stjórnþækum sem eru aðeins til notkunar frá öðrum stöðum.

Gerið engar breytingar (t.d. sæti, stýri, ljós, spegill...) á meðan vinnuvélin er á hreyfingu. Tryggið að allar stillingar séu læstar fyrir notkun. Athugið herslu á festiskrúfum og að stilling stjórnþækja virki rétt. Uppsetning og/eða við-gerð á sæti skal aðeins vera framkvæmd af færum starfs-manni.

Breytingar á þessari vinnuvél geta aukið líkurnar eða möguleikann á því að leifar safnist saman sem annars myndi ekki eiga sér stað. Breytingar fela í sér áfest verkfæri á grind, plötur, hlífar eða annar eftirmarkaðs-búnaður. Stjórnendur breyttra vinnuvéla verða að vita af uppsöfnun lífrænna leifa og/eða efnis og heildarhrein-lætis vinnuvélar.

Breyttar vinnuvélar gera kröfu um viðbótarskoðun og tíðari skoðanir sem og hreinsun við notkun. Vinnuvélin kann að gera kröfu um skoðun og hreinsun mörgum sinnum á dag við notkun. Stjórnendur verða að þekkja vinnsluumhverfið og -aðstæður. Stjórnendur verða að grípa til viðeigandi aðgerða til að viðhalda vinnuvélum við notkun. Einkum þarf að hafa í huga eftirfarandi svæði:

- Í og í kringum vélarrýmið
- Heita útblásturshluta
- Hreyfi- eða snúningshluta vinnuvélar

Stjórnendur sem nota vinnuvélina í óvenjulegum að-stæðum og/eða aðstæðum verða að vita af uppsöfnun lífrænna leifa og/eða efna og heildarhreinlæti vinnuvélar. Hafið einum í huga staði þar sem efni geta safnast upp.

Vinnuvélar sem notaðar eru í óvenjulegum aðstæðum gera kröfu um viðbótarskoðun og tíðari skoðanir sem og hreinsun við notkun. Vinnuvélin kann að gera kröfu um skoðun og hreinsun mörgum sinnum á dag við notkun. Stjórnendur verða að þekkja vinnsluumhverfið og -aðstæður. Stjórnendur verða að grípa til viðeigandi aðgerða til að viðhalda vinnuvélum við notkun. Einkum þarf að hafa í huga eftirfarandi svæði:

- Í og í kringum vélarrýmið
- Heita útblásturshluta
- Hreyfi- eða snúningshluta vinnuvélar

Áður en þið farið úr vinnuvélinni:

1. Leggið vinnuvélinni á traustu og sléttu undirlagi.
2. Setjið öll stjórnæki í hlutlausan eða kyrrstöðulæsingu.
3. Virkið stöðuhemilinn. Notið hjólaskorður ef þörf krefur.
4. Lækkið allan vökvabúnað — Verkfæri, kornskurðarvél o.s.frv.

⚠ Almennt viðhaldsöryggi ⚠

Hafið svæðið sem notað er við viðhald vinnuvélarinnar hreint og þurrt. Hreinsið upp vökva sem hafa hellst niður.

Sinnið viðhaldi á vinnuvélinni á traustu og sléttu undirlagi.

Komið hlífum fyrir eftir viðhaldi á vinnuvélinni.

Lokið öllum aðgangsdrygum og setjið allar plötur upp eftir viðhald á vinnuvélinni.

Reynið ekki að hreinsa, smyrja, fjarlægja hindranir eða gera breytingar á vinnuvélinni á meðan hún er á hreyfingu eða á meðan vélin er í gangi.

Tryggið ávallt að á vinnusvæðinu sé engin verkfæri, varahlutir, aðrir aðila eða gæludýr áður en stjórnun vinnuvélarinnar hefst.

Óstuddir vökvastrokkar geta misst þrýsting og búnað sem getur valdað hættu á að kremjast. Ekki fara úr búnaði í upphækkaðri stöðu á meðan honum er lagt eða í þjónustu hans nema hann sé tryggilega studdur.

Tjakið eða lyftið vinnuvélinni aðeins upp á lyftistöðunum sem gefnir eru til kynna í þessari handbók.

Rangt dráttarverklag getur valdið slysum. Fylgja skal verklaginu í þessari handbók þegar biluð vinnuvél er dregin. Aðeins skal nota traust dráttarbeisli.

Drepið á vélinni, fjarlægjið lykilinn og losið þrýstinginn áður en eldsneytisleiðslur eru tengdar eða aftengdar.

Stöðvið vélina og fjarlægjið lykilinn áður en þið tengið eða aftengið raftengi.

5. Drepið á vélinni og takið lykilinn úr.

Við óvenjulegar aðstæður má hafa vélina í gangi eftir að þið hafið farið úr sæti stjórnanda. Þá þarf að fylgja þessum varúðarráðstöfunum:

1. Færið vélina í minnsta snúningshraða í lausagangi.
2. Afvirkið öll drifkerfi.

3. ⚠ VIÐVÖRUN

Sumir íhlutir gætu haldið áfram að virka eftir að drifkerfi eru aftengd.

Tryggið að öll drifkerfi séu fullkomlega aftengd.

Vanræksla á þessari varúðarráðstöfun gæti leitt til dauða eða alvarlegra meiðsla.

W0113A

Setjið gírskiptinguna í hlutlausan.

4. Setja stöðuhemilinn á.

Bruni getur átt sér stað ef kælilok eru ekki fjarlægð rétt. Kælikerfi eru undir þrýstingi. Heitur kælivökvi getur sprautast út ef þið fjarlægjið lokið á meðan kerfið er heitt. Leyfið kerfinu að kólna áður en lokið er fjarlæggt. Þegar lokið er fjarlæggt skal snúa því hægt til að losa þrýstinginn áður en lokið er fjarlæggt að fullu.

Skiptið um skemmdar eða slitnar slöngur, rör, raflagnir o.s.frv.

Vélin, gírskiptingin, útblásturshlutar og vökvaleiðslur geta orðið heitar við notkun. Sýnið varúð við þjónustuvinnu á slíkum íhlutum. Látið yfirborð kólna áður en heitir hlutar eru meðhöndlaðir eða aftengdir. Notið hlífðarbúnað þegar við á.

Við suðu skal fylgja leiðbeiningunum í handbókinni. Ávallt skal aftengja rafgeymi áður en suðuvinna hefst á vinnuvélinni. Ávallt skal þvo hendurnar eftir meðhöndlun á hlutum rafgeymis.

Klifrið ekki á vinnuvélinni. Ekki nota tengibúnaðinn sem stiga, eða pall til að vinna í hæð. Notið viðeigandi aðferðir samkvæmt innlendum/staðbundnum öryggisreglum (til dæmis pall á hjólum o.s.frv.) til að komast að svæðum vinnuvélarinnar sem ekki næst til frá jörðu.

Notið alltaf lásbúnað vinnuvélarinnar til að hindra allar óviljandi hreyfingar vinnuvélarinnar (þegar flutt eða dregin) eða hluta hennar sem gæti átt sér stað á vegum eða við þjónustu (opnun, sveifla út eða annað). Lesið og fylgið öllum tengdum upplýsingum í handbókinni sem framleiðandi vinnuvélarinnar útvegar.

⚠ Hjól og hjólbarðar ⚠

Tryggið að hjólbarðar séu með réttan þrýsting. Ekki fara yfir ráðlagt álag eða þrýsting. Fylgið leiðbeiningunum í handbókinni varðandi viðeigandi þrýsting hjólbarða.

Hjólbarðar eru þungir. Meðhöndlun hjólbarða án viðeigandi búnaðar getur valdið dauða eða alvarlegu líkamstjóni.

Aldrei skal sjóða felgu á meðan hjólbarði er uppsettur. Ávallt skal fjarlægja allan hjólbarðann af felgunni áður en suða fer fram.

Ávallt skal fá viðurkenndan fagmann sinna viðhaldi á hjólbörðum og felgum. Ef hjólbarði hefur tapað þrýstingi skal fara með hjólbarða og felgu á dekkjaverkstæði eða til söluaðila til viðhaldsvinnu. Sprengifimur aðskilnaður hjólbarða getur valdið alvarlegu líkamstjóni.

EKKI sjóða hjólbarða eða dekk fyrr en hjólbarðinn hefur verið fjarlægður að fullu. Uppblásnir hjólbarðar geta myndað gasblöndu sem kviknar getur í við hátt hitastig vegna suðuvinnu á felgu. Ef loft eða fjarlægt eða hjólbarði er losaður af felgi hverfur EKKI hættan. Þessar aðstæður geta verið fyrir hendi hvort sem hjólbarðar eru með lofti eður ei. Hjólbarðann SKAL fjarlægja að fullu af felgu áður en suðuvinna fer fram á henni.

Setjið upp stilkatroðara, stönglamottur eða annan búnað til að hindra hjólbarðaskemmdir þegar:

- unnið er á ræktuðum akri með grófum stönglum
- unnið er á ræktuðum akri við þurrar aðstæður, þar sem stönglarnir eru harðari og erfiðari

⚠ Akstur á opinberum vegum og almennt öryggi við flutninga ⚠

Fylgið staðbundnum lögum og reglum.

Notið viðeigandi ljós sem uppfylla staðbundnar reglur.

Tryggið að SMV-merkið og táknið fyrir hraðaaðkenningu (SIS) séu sýnileg.

Tryggið að klinka hemlafetils sé virkjuð. Læsa skal hemlafetlum saman við akstur á vegum.

Notið öryggiskeðjur fyrir dreginn búnað þegar öryggis-keðjur eru veittar með vinnuvélinni eða búnaðinum.

Lyftið verkfærum eða áfestum búnaði nógu hátt yfir jörðina til að koma í veg fyrir snertingu við jörðina fyrir slysi.

Við flutning á búnaði eða vinnuvél á flutningavagni skal tryggja að slíkt sé tryggilega fest. Tryggið að SMV og SIS á búnaðinum eða vinnuvélinni sé hulið við flutning á eftirvagni.

Hafið í huga loftmannvirki eða raflínur og tryggið að vinnuvélin og/eða áfestur búnaður komist undir slíkt með öruggum hætti.

Aksturshraði ætti að vera þannig að hægt sé að viðhalda fullri stjórn og stöðugleika vinnuvélar á öllum stundum.

Hægið á ykkur og gefið stefnuljós áður en beygt er.

Stöðvið í vegarkanti svo að ökutæki fyrir aftan geti farið fram úr.

Fylgið réttu dráttarverklagi fyrir búnað með eða án hemla.

Notið alltaf aðalrofa vökvakerfis til að gera krókinn og fjarstýrðu stjórnlokanna óvirka áður en ekið er á vegum.

Notið alltaf lásbúnað vinnuvélarinnar til að hindra allar óviljandi hreyfingar vinnuvélarinnar (þegar flutt eða dregin) eða hluta hennar sem gæti átt sér stað á vegum eða við þjónustu (opnun, sveifla út eða annað). Lesið og fylgið öllum tengdum upplýsingum í handbókinni sem framleiðandi vinnuvélarinnar útvegar.

⚠ Varnir gegn eldi og sprengingu ⚠

Eldsneytis- eða olíuleki á heitt yfirborð eða rafmagnsíhluti getur valdið bruna.

Kviknað getur í uppskeruefni, sorpi, leifum, fuglahreiðrum eða eldfimu efni á heitu yfirborði.

Ávallt skal hafa slökkvitæki í eða nálægt vinnuvélinni.

Tryggið að viðhaldi sé sinnt á slökkvitæki eða -tækjum í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.

Við lok dags skal að minnsta kosti fjarlægja allt sorp og leifar úr ökutækinu, einkum í kringum heita íhluti á borð við vél, girkassa, útblástur, rafgeymi o.s.frv. Tíðari hreinsun

vinnuvélarinnar kann að vera nauðsynleg háð vinnsluumhverfi og -aðstæðum.

Að minnsta kosti daglega skal fjarlægja uppsöfnun leita í kringum hreyfihluti á borð við legu, trissur, reimar, gíra, hreinsunarviftur o.s.frv. Tíðari hreinsun vinnuvélarinnar kann að vera nauðsynleg háð vinnsluumhverfi og -aðstæðum.

Skoðið rafkerfið og leitið að lausum tengjum og trosnaðri einangrun. Gerið við eða skiptið út lausum eða skemmdum íhlutum.

Ekki má geyma olíublautar tuskur eða annað eldfimt efni í vinnuvélinni.

Ekki sjóða eða eldskera neina hluti sem innihalda eldfim efni. Hreinsið hluti vandlega með óeldfimum leysiefnum fyrir suðu- eða eldskurðarvinnu.

Ekki útsetja vinnuvélina fyrir logum, brennandi burstum eða sprengiefni.

Rannsakið tafarlaust óeðlilega lykt sem kann að koma upp við vinnslu vinnuvélarinnar.

⚠ Almenn öryggisatriði varðandi rafgeymi ⚠

Verið alltaf með hlífðargleraugu þegar unnið er með rafgeyma.

Fylgið leiðbeiningum framleiðandans þegar rafgeymar eru geymdar og meðhöndlaðar.

Skapið ekki neistaflug né hafið opinn eld nálægt rafgeyminum.

Rafhlöðuskaut, tenglar og tengdir aukahlutir innihalda blý og blýsambönd. Þvoið hendur eftir meðhöndlun.

Loftræstið svæðið þegar þið hlaðið rafgeyminn eða notið hann í lokuðu rými.

Rafsýrur valda brunasárum. Rafhlöður innihalda brenni-steinssýru. Forðist snertingu við húð, augu eða fatnað. Mótgjöf (útvortis): Skolið með vatni. Mótgjöf (augu): skolið með vatni í 15 mínútur og leitið til læknis samstundis. Mótgjöf (innvortis): Drekið mikið magn af vatni eða mjólk. Reynið ekki að framkalla uppköst. Leitið til læknis samstundis.

Aftengið neikvæðu (-) skautin fyrst og tengið síðast neikvæðu (-) skautin aftur.

Geymið þar sem börn ná ekki til né aðrir aðilar sem það er ekki heimilt.

Við logsuðu í vinnuvélinni skal aftengja bæði skaut rafgeymisins.

Ekki skal logsjóða, slípa eða reykja nálægt rafgeyminum.

Þegar notaðar eru aukarafgeymar eða verið er að tengja startkapla til að ræsa vélina skal nota aðferðina sem sýnd er í handbók stjórnanda. Ekki leiða í gegnum skaut.

⚠ Öryggi farþegasætis ⚠

Notkun á opinberum vegum:

- Þegar ekið er á opinberum vegum má nota farþegasætið af og til og aðeins í stuttan tíma til að hægt sé að flytja einn farþega frá bænum að túninu.

Grípa þarf til eftirfarandi varúðarráðstafana þegar farþegasæti er notað:

- Aðeins ætti að aka dráttarvél á litlum hraða og á sléttu undirlagi.
- Forðist skjóta ræsingu og stöðvun.
- Forðist skarpar beygjur.
- Ávallt skal stilla sætisbeltin rétt.
- Hafið dyrnar alltaf lokaðar.

Notkun á túninu:

- Farþegasætið ná nota af einum aðila þegar verið er að þjálfa nýjan stjórnanda eða þegar bifreiðavirki er að greina vélrænt vandamál.

⚠ Kerfi sem skynjar nærveru stjórnanda ⚠

Vinnuvélin er búin kerfi sem skynjara nærveru stjórnanda til að koma í veg fyrir ákveðna eignileika þegar stjórnandinn er ekki í sæti stjórnanda.

Aldrei skal aftengja eða fara framhjá kerfi sem skynjar nærveru stjórnanda.

Ef kerfi sem skynjar nærveru stjórnanda virkar ekki verður að gera við það.

⚠ Aflúttak (PTO) ⚠

Aflúttaksbúnaður getur valdið dauða eða alvarlegu líkamstjóni. Áður en þið vinnið með eða nálægt úttaksskaftinu eða þjónustið eða hreinsið akstursvinnuvél skal setja aflúttaksstöngina í aftengda stöðu, drepa á vélinni og fjarlægja lykilinn.

Þegar aflúttak er í notkun verður hlíf að vera til staðar sem hindrar dauða eða líkamstjón stjórnanda eða vegfarenda.

Við aflúttaksvinnu í kyrrstöðu skal halda sig fjarri hreyfihlutum og tryggja að viðeigandi hlífar séu til staðar.

⚠ Glitaugu og viðvörunarljós ⚠

Þið verðið að nota blikkandi gulbrún viðvörunarljós við notkunar búnaðar á opinberum vegum.

⚠ Sætisbelti ⚠

Hafið öryggisbeltin spennt öllum stundum.

Skoðun og viðhald sætisbelta:

- Tryggið gott ástand sætisbelta.
- Hafið skarpar brúnir og hluti sem geta valdið skemmdum fjarri beltunum.
- Skoðið beltin með reglubundnum hætti, sylgjur, inndráttarbúnað, festingar, slakakerfi og festibola og leitið að skemmdum og slit.
- Skiptið um alla hluti sem eru með skemmdir eða slit.

⚠ Varnarbúnaður stjórnanda ⚠

Vinnuvélin er búin varnargrind fyrir stjórnandann, eins og: Veltivarnargrind (ROPS), fallvarnargrind (FOPS) eða stýrishúsi með ROPS. Veltivarnarbúnaður kann að vera á greind eða tveggja eða fjögurra stoða búnaður sem notaður er til verndar fyrir stjórnandann til að lágmarka möguleikann á alvarlegu líkamstjóni. Festibúnaður og festingar mynda festinguna við vinnuvélina og eru hluti af veltivarnarbúnaðinum.

Varnarbúnaðurinn er sérstakur öryggishluti vinnuvélarinnar.

Festið ekki búnað við veltigrindina til að draga hann. Borið EKKI göt á veltigrindina.

Varnarbúnaðurinn og samtengdir hlutar er vottaður búnaður. Skemmdir, bruni, tæring eða breyting mun veikja búnaðinn og draga úr vöminni. Ef þetta kemur fyrir verður að skipta um veltigrindina svo að hún veiti sömu vernd og ný veltigrind. Hafið samband við söluaðilann til að hann skoði og skipti um veltigrind.

⚠ Loftræstikerfi ⚠

Mikill þrýstingur er á loftræstikerfinu. Ekki aftengja leiðslurnar. Losun háþrýstings getur valdið alvarlegu líkamstjóni.

⚠ Persónuhlífar áskildar ⚠

Notið persónuhlífar á borð við öryggishjálp, augnhlífar, þungahanska, eyrnahlífar, hlífðarfatnað o.s.frv.

⚠ Merkið Ekki nota ⚠

Áður en þú hefur viðhald á vinnuvélinni skaltu festa viðvörðunarkerfið „Ekki nota“ á vinnuvélina á stað sem er sýnilegur.

- Skiptið um belt sem eru með skurði sem geta veikt þau.
- Athugið hvort boltar séu hertir á sætisfestingu.
- Ef beltíð er áfest sætinu skal tryggja að sætið eða sætisfesting sé tryggilega fest.
- Tryggið að sætisbelti séu hrein og þurr.
- Aðeins má hreinsa belt með sápulausn og volgu vatni.
- Ekki nota klór eða litunarefni því það getur gert beltin ekki eins sterk.

Eftir slys, bruna eða veltu VERÐUR eftirfarandi að vara framkvæmt af viðurkenndum tækniðila áður en vinnuvélin fer aftur í notkun á túni eða í önnur verk:

- SKIPTA ÞARF ÚT varnarbúnaðinum.
- Skoða VERÐUR festingu og fjöðrun varnarbúnaðar, sæti stjórnanda og fjöðrun, sætisbelti og festihluti og lagnir í varnarbúnaði stjórnanda og leita vandlega að skemmdum.
- SKIPTA ÞARF ÚT öllum skemmdum hlutum.

EKKI LOGSJÓÐA, BORA GÖT, REYNA AÐ RÉTTA ÚR EÐA GERA VIÐ VARNARBÚNAÐINN. ALLAR BREYTINGAR DRAGA ÚR HEILLEIKA BURÐARVIRKIS BÚNAÐARINS SEM GÆTI VALDIÐ DAUÐA EÐA ALVARLEGU LÍKAMSTJÓNI EF ELDUR KEMUR UPP, ÖKUTÆKIÐ VELUR, ÁREKSTUR Á SÉR STAÐ EÐA SLYS.

Sætisbelti eru hluti af varnarbúnaðinum og þarf að nota öllum stundum. Stjórnandanum verður að vera haldið í sætinu innan rammans til að varnarbúnaðurinn virki.

Loftræstikerfið er með lofttegundir sem eru skaðlegar umhverfinu ef þær eru losaðar út í það. Ekki reyna að gera við kerfið.

Þjálfaðir þjónustuaðilar mega einir gera við, sinna viðhaldi eða endurhlaða loftræstikerfið.

⚠ Hættuleg íðefni ⚠

Útsetning eða snerting við hættuleg efni getur valdið fólki alvarlegum skaða. Vökvar, smurefni, málning, límefni, kælivökvar o.s.frv. sem nauðsynlegir eru virkni vinnuvélarinnar geta verið hættulegir. Þau gætu laðað að sér húsdýr og verið þeim skaðleg eins og fólki.

Efnaöryggisblöð veita upplýsingar um efni og innihalda verklag varðandi vöru, örugga meðhöndlun og geymslu, skyndihjálparráðstafanir og verklag sem grípa þar til ef leki á sér stað eða losun fyrir slysni. Efnaöryggisgagnablöð eru fánleg hjá söluaðilanum.

Fyrir viðhald á vinnuvélinni skal skoða efnaöryggisblað fyrir hvert smurefni, vökva o.s.frv. sem notuð eru í vinnuvélinni. Þessar upplýsingar gefa til kynna þá áhættu sem fylgir og hjálpa við að framkvæma þjónustu fyrir vinnuvélina á öruggan hátt. Farið eftir upplýsingunum á efnaöryggisgagnablöðunum, ílátum framleiðenda auk upplýsinga í þessari handbók þegar þjónusta er framkvæmd fyrir vinnuvélina.

⚠ Veituöryggi ⚠

Við gröft eða notkun jarðvinnsluverkfæra skal hafa í huga kapla sem eru grafnir eða önnur þjónustuatriði. Hafið samband við staðbundin veitufyrirtæki eða yfirvöld, eins og við á, til að ávarða staðsetningu á slíku.

Tryggið að það sé fullnægjandi fríbil í allar áttir. Sýnið sérstaka varúð hvað varðar loftaflínur og tálma sem hanga. Háspennulínur kunna að krefjast fríbils sem er umtalsvert í öryggisskyni. Hafið samband við staðaryfirvöld eða veitufyrirtæki til að fá upplýsingar um öruggt fríbil frá háspennuraflínum.

Dragið inn upphækkaða eða útdregna í hluti, ef þörf krefur. Fjarlægið eða lækkið fjarskiptaloftnet eða annan aukabúnað. Ef snerting á sér stað milli vinnuvélar og rafaflgjafa skal grípa til eftirfarandi ráðstafana:

⚠ Öryggisatriði í eldingaveðri ⚠

Notið vinnuvélina ekki í eldingaveðri.

Ef þið eruð á jörðinni í eldingaveðri skuluð þið halda ykkur fjarri vélum og búnaði. Leitið skjóls í varanlegu mannvirki með vörn.

⚠ Farið í og úr ⚠

Aðeins skal fara úr og í vinnuvélina og tilgreindum stöðum sem eru með handrið, þrep og/eða stiga.

Ekki stökkva af vinnuvélinni.

Tryggið að þrep, stigar og pallar séu hreinir og lausir við leifar eða aðskotaefni. Líkamstjón getur átt sér stað vegna yfirborðs sem er hált.

Snúið ykkur að vinnuvélinni þegar farið er í og úr henni.

Fargið öllum vökvum, síum og ílátum á þann hátt sem er öruggur fyrir umhverfið samkvæmt staðbundnum lögum og reglum. Athugið með réttar upplýsingar um förgun hjá staðbundnum umhverfis- og endurvinnslumiðstöðvum.

Geymið vökva og síur í samræmi við staðbundin lög og reglur. Notið aðeins viðeigandi ílát fyrir geymslu íðefna eða jarðolíuefna.

Geymið þar sem börn ná ekki til né aðrir aðilar sem það er ekki heimilt.

Notuð efni gera kröfu um viðbótarvarúðarráðstafanir. Verðið ykkur úti um heildstæðar upplýsingar frá framleiðanda eða dreifingaraðila efnanna áður en þið notið þau.

- Stöðvið færslu vinnuvélarinnar samstundis.
- Setjið stöðuhemilinn á, drepjið á vélinni og fjarlægið lyk-
ilinn.
- Athugið hvort öruggt sé að fara úr stýrishúsinu eða hvort raunveruleg staðsetning þín sé ekki í snertingu við rafmagnsvíra. Ef þið farið ekki skuluð þið vera á stað ykkar og óska eftir aðstoð. Ef þið getið farið af staðsetningu ykkar án þess að snerta línur skuluð þið stökkva úr vinnuvélinni og tryggja að þið snertið ekki jörðina og vinnuvélina á sama tíma.
- Ekki leyfa neinum að snerta vinnuvélina fyrr en rafmagn hefur verið tekið af raflínum.

Ef eldingaveður hefst við notkun skal ekki fara úr stýris-
húsinu. Ekki fara úr stýrishúsi eða af palli stjórnaða. Ekki
snerta jörðina eða hluti fyrir utan vinnuvélina.

Hafið ávallt þriggja punkta snertingu við þrep, stiga og handföng.

Aldrei skal fara úr eða í vinnuvél á hreyfingu.

Ekki nota stýrið eða önnur stjórnþæki eða aukabúnað eins og handrið þegar farið er í eða úr stýrishúsi eða palli stjórnaða.

Vinna í mikilli hæð

Þegar viðhald á dráttarvél gerir kröfu um vinnu í mikilli hæð:

- Notið uppsett þrep, stiga og/eða handföng á réttan hátt.
- Standið ekki á svæðum dráttarvélar sem eru ekki hönnuð til að vera þrep eða pallar.
- Gerið viðeigandi ráðstafanir ef þarf samkvæmt landsbundnum/staðbundnum öryggisreglum (til dæmis, sjálf-

stæður rúllandi pallur á hjólum, o.s.frv.) til að ná til hluta eins og spegla, snúningsljósa, loftsía, GPS móttakara eða annarra hluta sem ekki næst í frá jörðu.

- Notið aldrei þrep, stiga og/eða handföng þegar dráttarvélin er á hreyfingu.

Notið ekki dráttarvélinu sem lyftu, stiga eða pall til að vinna í mikilli hæð.

Lyfting og hlass fyrir ofan

Aldrei skal nota hjóla- eða beltaskóflur, gaffla o.s.frv. eða annan lyfti-, vinnslu- eða graftarbúnað til að lyfta fólki.

Notið ekki upphækkaðan búnað sem vinnupall.

Nauðsynlegt er að þekkja allt hreyfisvið vélarinnar og búnaðarins og ekki fara inn á eða leyfa neinum að fara inn á hreyfisviðið þegar vélin er í notkun.

Farið aldrei á eða leyfið neinum að fara á svæðið undir búnaðinum sem lyft var upp. Búnaðurinn og/eða farmurinn getur dottið óvænt og kramið þann sem undir honum er.

Ekki fara úr búnaði í upphækkaðri stöðu á meðan honum er lagt eða í þjónustu hans nema hann sé tryggilega studdur. Vökvastrokka þarf vélrænt að læsa eða styðja ef skilið er við þá í upphækkaðri stöðu vegna þjónustu eða aðgangs.

Hjóla- og beltaskóflur, gafflar o.s.frv. eða annar lyfti-, vinnslu- eða graftarbúnaður og hlass þess breytir þyngdarmiðju vinnuvélarinnar. Þetta getur valdið því að vinnuvélin velti í halla eða ósléttu undirlagi.

Hlass getur fallið úr hjóla- eða beltaskóflu eða lyftibúnað og kramið stjórnandann. Sýna þarf varúð þegar hlassi er lyft. Notið viðeigandi lyftibúnað.

Lyftið ekki hlassinu hærra en nauðsynlegt er. Lækkið hlass til flutnings. Munið að hafa viðeigandi fríbil frá jörðu og öðrum hindrunum.

Búnaður og tengt hlass getur hindrað sjónsvið og valdið slysum. Notið ekki þegar sjónsvið er ófullnægjandi.

Vökvaknúinn aðalrofi

⚠ VIÐVÖRUN

Hlutir sem hreyfast!

Notið alltaf aðalrofa vökvakerfis til að gera krókinn og fjarstýrðu stjórnlokanna óvirka áður en ekið er á vegum.

Vanræksla á þessari varúðarráðstöfun gæti leitt til dauða eða alvarlegra meiðsla.

W1587A

⚠ VIÐVÖRUN

Misnotkunarhætta!

Notið alltaf aðalrofa vökvakerfis til að gera framkrókinn óvirkan. Stillingin 0% fyrir sighraða er ekki ætluð sem öryggislásbúnaður.

Vanræksla á þessari varúðarráðstöfun gæti leitt til dauða eða alvarlegra meiðsla.

W1792A

⚠ VIÐVÖRUN

Óvæntar hreyfingar vélar!

Notið alltaf lásbúnað vinnuvélarinnar til að hindra allar óviljandi hreyfingar vinnuvélarinnar (þegar flutt eða dregin) eða hluta hennar sem gæti átt sér stað á vegum eða við þjónustu (opnun, sveifla út eða annað). Lesið og fylgið öllum tengdum upplýsingum í handbókinni sem framleiðandi vinnuvélarinnar útvegar.

Vanræksla á þessari varúðarráðstöfun gæti leitt til dauða eða alvarlegra meiðsla.

W1789A

⚠ VIÐVÖRUN

Misnotkunarhætta!

Notið alltaf aðalrofa vökvakerfis til að gera afturkrókinn óvirkan. Stillingin 0% fyrir sighraða er ekki ætluð sem öryggislásbúnaður.

Vanræksla á þessari varúðarráðstöfun gæti leitt til dauða eða alvarlegra meiðsla.

W1603A

Flutningslås raf- og vökvaknúins stjórn-/fjarstýribúnaðar

Við akstur á vegi má afvirkja miðupsetta fjarstýriloka, aftari rafknúna fjarstýriloka og þriggja punkta krók til að koma í veg fyrir lækkun verkfæris fyrir slysnir sem getur valdið skemmdum á dráttarvélinni eða yfirborði vegar.

ATH.: Táknið á rofanum getur verið mismunandi og ræðst það af uppsetningu dráttarvélar.


Rofinn á stoð 'C' í stýrishúsinu hefur þrjár staðsetningar og veitir eftirfarandi aðgerðir.

Þrýstið ofan á rofann til að setja orku á rafknúna aftari og miðupsetta* fjarloka (þriggja punkta krókur læstur).

Þrýstið neðst á rofann til að setja orku á rafknúna aftari og miðupsetta* fjarloka og þriggja punkta krók.


Miðstaða. Rafknúnir fjarlokar og þriggja punkta krókur læstir.

* (þar sem til staðar er)



SVIL17TR00867AA 1

Þegar aðalrofinn er í miðstöðu (afl af) kviknar á viðvör-
unarljósunum í ICP sem staðfestir að bæði EHR **(2)** og
þriggja punkta krókur **(1)** séu læst.



SS11D010 2

Notkun rafrænnar skriðvarnar (EDC)

⚠ VIÐVÖRUN

Misnotkunarhætta!

Notið alltaf aðalrofa vökvakerfis til að gera afturkróinn óvirkan. Stillingin 0% fyrir sikhraða er ekki ætluð sem öryggislásbúnaður.

Vanræksla á þessari varúðarráðstöfun gæti leitt til dauða eða alvarlegra meiðsla.

W1603A

Stillingar fyrir notkun

Festið verkfærið við þriggja punkta króinn.

Stilling stöðustjórnunar og djúpristustýringar

Snúið hleðsluhjóli fyrir drátt (2) að fullu áfram (staða 10), þetta er í stjórnstillingum fyrir stöðu.

Ræsið vélina og notið hnúð (1) stöðustýringar til að lyfta verkfærinu í stigum og tryggjið að það sé að minnsta kosti **100 mm (3.94 in)** fríbil á milli verkfærisins og dráttarvélarinnar. Skráið það sem birtist á stafræna skjánum á mælaþorðinu. Ef álesturinn er lægri en „99“ merkir það að verkfærinu sé ekki að fullu lyft.

Stilling hæðartakmörkunar

Stillið stýrihnapp fyrir hæðarmörk (1) til að koma í veg fyrir að króknum sé lyft frekar og hindra möguleikann á því að verkfærið skemmi dráttarvélinu þegar því er að fullu lyft.


Þegar notaður er rofinn fyrir lyftingu/sig eða hnúður stöðustýringar til að lyfta verkfærinu, lyftist verkfærið aðeins í þá hæð sem færð var inn sem hæðarmörk, eins og ákveðið var í fyrra skrefi.

Sikhraðastilling


Stillið sikhraða, sem fer saman við stærð og þyngd áfests verkfæris, með því að snúa stýrihnappi sikhraða (2). Snúið hnappinum réttisælis til að auka sikhraðann eða rangsælis til að minnka sikhraðann.

TILKYNNING: Við fyrstu stillingu á verkfærinu til vinnu skal halda stýrihnappi sikhraða í stöðu fyrir hægt sig (táknið með „skjaldböku“).

Þegar rofinn fyrir lyfta/lækka er notaður til að lækka verkfærið mun það lækka á stýrðum hraða eins og ákvarðaður var í fyrra skrefi.



SS11M129 1



BSE2884B 2

Notkun stýringar á stöðu

Til að nota vinnuvélina í stöðustýringu skal helst snúa streymisstýringu (3) rangsælis til fulls.

Notið stýrihnappinn fyrir stöðu (2) til að lyfta og lækka þriggja punkta krókinn. Verkfærið lyftist og stöðvast í þeirri hæð sem stillt er með stýrihnappinum fyrir hæðarmörk.

ATH.: Lyftihraði stillist sjálfkrafa. Ef mikil færsla fer fram með stýristöng fyrir stöðu þá bregðast neðri tengi við með því að hreyfast hraðar. Þegar tengin nálgast þá stöðu sem færð var inn með stöng stöðustýringar færast verkfærið hægar.

Þegar verkfærið er í áskilinni vinnuhæð skal snúa stöðvunarbúnaðinum þar til smellur finnst og bendillinn samstillist stöðumerkingunni á stjórnhnappi stöðustýringar (2). Hvenær sem hæð verkfærisins hefur verið breytt með stjórnhnappi stöðustýringar er hægt að færa það til baka í sömu stillingu með því að snúa stjórnhnappi stöðustýringar þar til það smellur í samstillingu við stöðvunarbúnaðinn.


Ef nauðsynlegt er að lyfta verkfærinu í jaðri akurs skal þrýsta stutt efst á lyfti-/sigrofann (4) til að lyfta verkfærinu í þá stöðu sem færð var inn með stjórnhnappi hæðarmarka. Þegar farið er aftur inn á vinnusvæðið skal þrýsta stuttlega neðst á rofann og verkfærið fer aftur í þá hæð sem var upprunalega færð inn með stöng stöðustýringar (2).

Stjórnun dráttarstýringar


Til að nota vinnuvélina með djúpristustýringu þarf að aðlagða ákveðnar stýringar til að þær henti verkfærinu og túninu.

Dýptarhjólið (2) ákveður dýpt verkfærisins með því að beita ákveðnu álagi á pinna dýptarskynjarans. Setjið hjólið í miðstöðu áður en vinna hefst.


Staða viðnámsnæmishnappsins (1) ákvarðar næmi kerfisins. Setjið hnappinn í miðstöðu áður en farið er inn á túnið.



SS11H266 3



SS11M129 4



BSE2884C 5

Akið dráttarvélinni á túnið og látið verkfærið síga í vinnu-stöðu með því að snúa stjórnhnappi stöðustýringar (2) rangsælis. Notið stjórnstöng stöðustýringar til að færa inn hámarksdýpt og koma í veg fyrir að verkfærið fari of dýpt í jörðu ef jarðvegur er lausbundinn. Færið inn áskilda vinnudýpt verkfærisins með því að snúa dýptarhjólínu (3).

Án þess að færa stöðustýringu skal snúa stillanlega stöðv-unarbúnaðinum (1) þar til smellur heyrst og bendillinn samstillist við merkinguna á stjórnhnappi stöðustýringar. Ef stjórnhnappur stöðustýringar hefur verið færður er hægt að setja hann í upprunalega stöðu með því að snúa þar til smellur finnst og bendillinn samstillist aftur við stöðuvunarbúnað.

Fylgist með verkfærinu þegar það fer í gegnum jarðveginn og stillið dýptarnæmnishnappinn (1) þar til tilhneiging til að lyfta verkfærinu eða láta það síga vegna frávíks í viðnámi jarðvegar, er fullnægjandi. Eftir stillingu mun vökvakerfi dráttarvélarinnar sjálfkrafa stilla dýpt verkfæris til að viðhalda jöfnum drætti (djúpristuálag) fyrir dráttarvélinu.

Bestu stillingunni er náð með því að fylgja gaumljósum fyrir færslu (2) mynd (3). Efra ljósið (2) kviknar í hvert sinn sem kerfið lyftir verkfærinu þegar eðlilegar leiðrétt-ingar á djúpristu eiga sér stað. Neðra ljósið (3) kviknar þegar verkfærið er látið síga.


Snúið dýptarnæmnishnappinn (1) hægt réttssælis. Kerfið bregst við með minni, skjótari færslum eins og sést því bæði gaumljós blikka. Á þessum tímabili skal snúa hnappinum örlítið rangsælis þar til bæði gaumljósin blikka einu sinni á 2 s eða 3 s fresti eða eftir þörfum samkvæmt jarðvegsaðstæðum.

Þegar nauðsynlegar vinnuaðstæður hafa verið ákveðnar er ekki nauðsynlegt að færa stýristöng fyrir stöðu aftur fyrr en tilgreindu verki er lokið.


Þegar komið er að jaðri akursins skal ýta stutt ofan á lyfti-/sigrofann (3) til að lyfta verkfærinu fljótt í þá stöðu sem stillt var með stýrihnappi fyrir hæðarmörk. Þegar aftur er farið inn á vinnusvæðið skal þrýsta stutt á neðri hluta rofans og verkfærið er látið síga á þeim hraða sem stilltur er með stjórnhnappi sigræða og stöðvast þegar það kemst í þá dýpt sem færð var inn með skífu streymisstýringar (2).

Í lyftiferlinu er gert hlé á lyftingu verkfæris ef þrýst er stutt á lyfti-/sigrofann.


ATH.: Krókurinn verður óvirkur tímabundið ef þrýst er á lyfti-/sigrofann í lyftiferlinu. Ef þrýst er á rofann aftur verður krókurinn aftur virkur en færsla í upphafi verður hægfare.




SS11H268 6



BSE2884C 7



BSE2886B 8



SS11H265 9

Skjótara rof kann að vera nauðsynlegt, til dæmis þegar beygt er á þröngum höfða. Einnig er erfitt að rjúfa jarðveg með sumum verkfærum, einkum ef jarðvegurinn er þungur. Þrýstið á neðri hluta lyfti-/sigrofans (3) og haldið honum inni. Verkfærið er látið síga á þeim hraða sem færður var inn með stjórnhnappi sighraða þar til það snertir jörðina.

Sighraði og stillingar stöðustýringar verða yfirritaðar og verkfærið kemst fljótt ofan í jörðina og fer í forstillta vinnudýpt þegar rofanum er sleppt.

Einnig er hægt að nota stillanlega stöðvunarstöðu (1) til að færa inn dýpt verkfærisins. Þegar verkfærinu hefur verið komið í áskilda vinnudýpt skal snúa stillanlegu stöðvunarstöðunni þar til smellur finnst og bendillinn samstillist stöðumerkingunni á stjórnhnappi stöðustýringar (2). Í hvert sinn sem verkfærinu er lyft með stöðustýringu fer það alltaf í sömu vinnudýpt þegar stjórnhnappinum er snúið og smellt í stillanlegu stöðvunarstöðuna.

ATH.: Ef þess er þörf er hægt að ýta stönginni til hliðar (til vinstri) til að komast hjá stöðvunarstöðunni og færa verkfærið dýpra.


Stýring fyrir skriðvörn (1) er aðeins fáanleg með valfrjálsi skynjaraeiningu með ratsjá. Hún gerir stjórnandanum kleift að velja skriðmörk fyrir hjól. Ef farið er yfir er vinnudýpt verkfæris stillt til að draga úr spólun.

Þegar spólvörn er virkjuð mun kerfi djúpristustýringar tímabundið draga úr vinnudýpt verkfærisins. Eftir því sem spólun minnkar lækkar djúpristustýring verkfærið aftur í upprunalega vinnudýpt.


Sýna skal varúð og velja ekki spóltakmörk sem eru annað hvort of há eða lág. Ef spólvörn er valin við lágt stig, sem ekki er mögulegt við blautar aðstæður, getur það haft neikvæð áhrif á vinnuhraða og -dýpt.

ATH.: Spólaðgerðin virkar ekki í stöðustýringu.


Gaumljósið „on“ fyrir spólun kviknar (2) þegar spólun er virk og verkfærið er lyftast til að endurheimta þann spólunarhraða sem var valinn. Hnappurinn endar í stöðunni „off“ (hnappinum snúið réttisælis til fulls).



SS11H266 10



BSE2884D 11



BSE2886A 12

Flutningslås

Þegar búnaður er fluttur á þriggja punkta króknum skal snúa stjórnhnappi sikhraða (2), rangsælis til fulls í flutningslås (tákn hengiláss). Þetta kemur í veg fyrir að verkfærið sé látið síga fyrir slysni og skemmi yfirborð vegarins.


Akstursstjórn

Við flutning búnaðar á þriggja punkta krók getur endurkast verkfæris orsakað skort á stýringu við flutningshraða. Ef akstursstjórn er valin mun vökvakerfið bregðast strax við þegar framhjólin skoppa sem veldur því að dráttarvélin lyftist. Slíkt kemur til móts við færsluna og lágmarkar endurkast verkfæris og skapar þægilegri akstur.


Til að gera akstursstjórn virka skal snúa viðnámsnæmis-hnappi (1) rangsælis til fulls. Notið lyfti-/sigrofann (4) mynd 14, og lyftið verkfærinu í þá hæð sem færð var inn með stýringu hæðarmarka (3).

Snúið stýrihnappi sikhraða (2) að fullu rangsælis í stöðu flutningsláss (tákn með hengilás).

Akstursstjórn virkar aðeins við hraða yfir **8 km/h (5 mph)**. Þegar hraði dráttarvélar fer yfir **8 km/h (5 mph)** fellur verkfærið um 4-5 stig (eins og sýnt er í mælaborðinu) þar sem vökvakerfið framkvæmir leiðréttingar til að koma til móts við endurkast verkfæris. Þegar hraði dráttarvélar fer undir **8 km/h (5 mph)** lyftist verkfærið aftur við þá hæð sem stillt er með stýringu fyrir hæðarmörk og akstursstjórn verður óvirk.



BSE2884E 13



SS11H269 14

Vegakstur

⚠ VIÐVÖRUN

Hlutir sem hreyfast!

Notið alltaf aðalrofa vökvakerfis til að gera krókin og fjarstýrðu stjórnlokanna óvirka áður en ekið er á vegum.

Vanræksla á þessari varúðarráðstöfun gæti leitt til dauða eða alvarlegra meiðsla.

W1587A

⚠ VIÐVÖRUN

Óvæntar hreyfingar vélar!


Notið alltaf lásbúnað vinnuvélarinnar til að hindra allar óviljandi hreyfingar vinnuvélarinnar (þegar flutt eða dregin) eða hluta hennar sem gæti átt sér stað á vegum eða við þjónustu (opnun, sveifla út eða annað). Lesið og fylgið öllum tengdum upplýsingum í handbókinni sem framleiðandi vinnuvélarinnar útvegar.

Vanræksla á þessari varúðarráðstöfun gæti leitt til dauða eða alvarlegra meiðsla.

W1789A

Ávallt skal lyfta króknum að fullu fyrir flutning á vegum.

Notið aðalrofa vökvakerfis til að læsa króknum og fjarstýri-lokunum við vegaflutninga.



SVIL17TR00867AA 15

Notkun króks

⚠ VIÐVÖRUN

Misnotkunarhætta!


Notið alltaf aðalrofa vökvakerfis til að gera framkrókinn óvirkan. Stillingin 0% fyrir sighraða er ekki ætluð sem öryggislásbúnaður.

Vanræksla á þessari varúðarráðstöfun gæti leitt til dauða eða alvarlegra meiðsla.

W1792A


Valfrjálsi framkrókurinn samanstendur af stillanlegu yfirtengi (1) og pari af fellanlegum neðri tengjum (2). Yfirtengið og neðri tengin hafa opna klóarenda sem gera mögulega hraða tengingu og aftengingu verkfæra.

Klærnar eru útbúnar með sjálflæsandi klinkum til að tryggja gott hald þriggja punkta beislisins á verkfærinu.



BRJ5356D 1


TILKYNNING: Stækkið lyftistöngina aðeins þar til hakið (3) í gengjunum er sýnilegt til að hindra skemmdir á gengjunum.



SVIL14TR00023AC 2

Þrjár kúlulegur eru útvegaðar fyrir uppsetningu verkfærisins ef þarf. Kúluleguna með framskagandi brún (1) skal setja á efri krókpinna verkfærisins.

Kúlulegurnar tvær (2) með losanlegu stýringunum (3) skal setja á neðri krókpinna verkfærisins.




BRJ5352B 3

Stjórnun framkróksins

Framkróknum er stjórnað með vélknúnum fjarlokum að aftan.

Hægt er að sýna hæð króksins **(1)** á miðlæga skjánum sem prósentuhlutfall (%) á bilinu frá 0 (í neðstu stöðu) til 100 (í hæstu stöðu).



SVIL17TR00632AA 4

Með því að nota loka I eða II aftan á dráttarvélinni má stýra framkróknum með stöngum fjarloka.

Með framkrókinn tengdan við viðeigandi loka, tugið stöngina aftur á bak **(R)** til að lyfta króknum. Færið stöngina til **(N)** til að stöðva hreyfingu króksins, krókurinn heldur hæðarstöðu sinni. Veljið **(L)** til að láta krókinn síga. Ef stöngin er í flotstöðu **(F)** gerir það krókinum kleift að færast upp og niður (fljóta) þannig að verkfærið fylgi yfirborði jarðarinnar.


Framkrókinn má tengja við alla aftari fjarloka.

Ef verkfæri gerir kröfu um frekari vökvakerfisþjónustu má tengja slíkt við ónotaðan loka.


Ef verkfæri gerir kröfu um frekari vökvakerfisþjónustu má tengja slíkt við ónotaðan fjarloka. Til hægðarauka er mælt með að hinn lokinn **(II)** sé notaður í þessu skyni

Einnig má nota stýripinna í stað stanga til að stjórna fjarlokum I og II sem er í áfram stöðu hægra megin við sæti stjórnanda.

ATH.: Með stýripinna til að stjórna aftari fjarlokum er flotstaða **(F)** möguleg með því að færa stöngina að fullu til hægri. Aðgerðin er ekki í boði við stjórnun miðlægs 2-spólu fjarloka.



BRE1743B 5



BRE1534B 6

Vegakstur

⚠ VIÐVÖRUN

Hlutir sem hreyfast!

Notið alltaf aðalrofa vökvakerfis til að gera krókinn og fjarstýrðu stjórnlokanna óvirka áður en ekið er á vegum.

Vanræksla á þessari varúðarráðstöfun gæti leitt til dauða eða alvarlegra meiðsla.

W1587A

Ávallt skal lyfta króknum að fullu fyrir flutning á vegum.

Notið aðalrofa vökvakerfis til að læsa króknum og fjarstýri-
lokunum við vegaf lutninga.


⚠ VIÐVÖRUN

Óvæntar hreyfingar vélar!

Notið alltaf lásbúnað vinnuvélarinnar til að hindra allar óviljandi hreyfingar vinnuvélarinnar (þegar flutt eða dregin) eða hluta hennar sem gæti átt sér stað á vegum eða við þjónustu (opnun, sveifla út eða annað). Lesið og fylgið öllum tengdum upplýsingum í handbókinni sem framleiðandi vinnuvélarinnar útvegar.

Vanræksla á þessari varúðarráðstöfun gæti leitt til dauða eða alvarlegra meiðsla.

W1789A



SVIL18TR02290AA 7

Lokar fjarstýringar

⚠ VIÐVÖRUN

Óvæntar hreyfingar vélar!

Notið alltaf lásbúnað vinnuvélarinnar til að hindra allar óviljandi hreyfingar vinnuvélarinnar (þegar flutt eða dregin) eða hluta hennar sem gæti átt sér stað á vegum eða við þjónustu (opnun, sveifla út eða annað). Lesið og fylgið öllum tengdum upplýsingum í handbókinni sem framleiðandi vinnuvélarinnar útvegar.

Vanræksla á þessari varúðarráðstöfun gæti leitt til dauða eða alvarlegra meiðsla.

W1789A

ATH.: Sjá Glussastaða þegar fjarstýrður vökvaknúinn búnaður er notaður (21) með tiltæku olíumagni við keyrslu á ytri vökvabúnaði.

Vökvaknúnu fjarstýrilokunum sem hér er lýst eru hleðslustýrðir. Með því að skynja sjálfkrafa olíupörf frá verkfærinu geta hleðslustýrðir lokar sífellt stillt olíurennslíð frá dráttarvélinni þannig að það fari saman við kröfur verkfærisins.

Lokarnir eru notaðir til að stjórna ytri vökvastrokkum, vélum o.s.frv. Setja má upp allt að fjóra fjarstýriloka (2 stillanlega + 2 óstillanlega) sem staðsettir eru aftan í dráttarvélinni. Allir fjarstýrilokar eru með sjálfvirkar lósloka í lyftitenginu (útfærsla) sem koma í veg fyrir leka fyrir slysi á verkfærið.

Lokunum er stjórnað með stöngum sem eru staðsettar í stjórnborðin hægra megin við sæti stjórnanda. Stangirnar og viðkomandi lokar þeirra eru litamerktir til auðkenningar.

Loki númer 1 er staðsettur neðst í staflanum of viðbótarlokarnir eru beint fyrir ofan.

Stjórnstangir

Hver fjarstýristöng stjórnloka hefur fjórar aðgerðastöður, samkvæmt eftirfarandi:

(R) Lyfta (eða setja út)

Ýtið stöng aftur á bak til að setja út strokkinn sem hún er tengd við og lyfta verkfærinu.

(N) Hlutlaus


Ýtið stönginni áfram úr lyfta stöðunni til að velja hlutlausu stöðu og afvirkja tengdan strokk.

(L) Láta síga (eða draga inn)


Ýtið stönginni lengra áfram, framhjá hlutlausri stöðu, til að draga strokkinn inn og láta verkfærið síga.

(F) Flotstaða

Ýtið stönginni að fullu áfram, framhjá sigstöðunni, til að velja flotstöðu. Flot gerir strokkinum kleift að fara út eða inn án hindrana. Þannig er hægt að láta búnað á borð við sköfunarblað 'fljóta' eða fylgja hæðarlínum jarðarinnar.



SVIL14TR00158AB 1



BRE1743B 2

Stýripinni (ef til staðar)

Stýripinninn virkjar loka I og II í þvermynstri.

Ef stýripinninn er færður afturábak og áfram í beinni línu virkjast loki númer I.

Ef stýripinninn er færður til hliðar í beinni línu virkjast loki númer II.

Ef stýripinninn er færður horn í horn virkjast báðir lokar á sama tíma. Með því að veita stefnunæmi má láta einn loka virkjast hraða eða hægar en hinn.

Færið stýripinnann afturábak úr hlutlausri stöðu og strokkurinn sem tengdur er loka númer I dregst út til að lyfta verkfærinu. Þrýstið stýripinnanum áfram, framhá hlutlausum, til að draga inn (lækka) strokkinn. Ef honum er að fullu þrýst áfram, fram yfir „inndráttarstöðu“ er valið „flot“ sem heimilar að strokkurinn sem tengdur er fjarstýriloka II að fara út eða inn frjáslega. Þannig getur búnaður á borð við sköfunarblöð flotið eða fylgt línum jarðarinnar.

Færið stýripinnann til vinstri úr hlutlausri stöðu og strokkurinn sem tengdur er loka númer II dregst út til að lyfta verkfærinu. Færið stýripinnann til hægri, framhá hlutlausum, til að draga strokkinn inn. Færið hann að fullu til hægri, fram yfir „inndráttarstöðu“ er valið „flot“ sem heimilar að strokkurinn sem tengdur er fjarstýriloka II að fara út eða inn frjáslega.


Stýripinninn og viðkomandi lokar þeirra eru litamerktir til auðkenningar.

Unnið með hök


Stöður lyfta, hlutlaust, síga og flot eru auðkenndar með táknum á límmiða við hliðina á stjórnstöngunum.

Hak heldur stönginni í stöðu lyfta (útdráttur) eða síga (inndráttur) þar til fjarlokinn nær enda slag þegar stjórnstöngin fer sjálfkrafa aftur í hlutlausan. Einnig má setja stöngina aftur í hlutlausan handvirkt. Stöngin fer ekki sjálfkrafa til baka úr flotstöðu.

ATH.: Haldið ekki stönginni í stöðu útdráttar eða inndráttar þegar fjarstrokkurinn hefur náð enda slags þar sem það verður til þess að vökvadælan skapar hámarksþrýsting. Ef hámarks kerfisþrýstingi er viðhaldið um lengri tíma getur það orðið til ofhitnunar á olíunni og valdið ótímabærri bilun í íhlutum vökvarásar eða aflrásar.



BRE1534B 3



BRE1743B 4

Notkun stillanlegs haks (ef uppsett)

Dráttarvélin kann að vera búin einum eða tveimur fjarlokum með stillanleg hök. Snúningsstýring (1) er notuð til að velja eina af fimm stillingum haks.

Við stillingu skal snúa stjórnbúnaðinum þar til talan (2) á endalokinu er samstillt við merkið (1) á lokahlutanum.

ATH.: Ef talan á snúningsstýringu er ekki rétt samstillt með viðmiðunarmerki á lokahlutanum kann það að hafa áhrif á frammistöðu lokans.

Áður en þessu er snúið skal tryggja að engar leifar af þrýstingi séu í vökvakerfinu. Það er gert með því að stöðva vélina, setja fjarlokastöngina í allar stöðu og setja síðan stöngina í hlutlausan.

Hver staða felur í sér eftirfarandi aðgerðir:

I.
Tiltækar stöður Lyfta (**R**), Hlutlaust (**N**), Síga (**L**) og Flot (**F**). Staða haks er aðeins í floti. Stöng ekki sjálfkrafa aftur í hlutlausan (sparka út).

II.
Aðeins stöður Lyfta, Hlutlaust og Síga. Engin flotvirkni. Engar stöður haks tiltækar. Stöng ekki sjálfkrafa aftur í hlutlausan (sparka út).

III.
Tiltækar stöður Lyfta, Hlutlaust, Síga og Flot. Hök í Lyfta, Síga og Flot. Stöng ekki sjálfkrafa aftur í hlutlausan (sparka út) í stöðum Lyfta og Síga.

IV.
Tiltækar stöður Lyfta, Hlutlaust, Síga og Flot. Hök í Lyfta, Síga og Flot. Stöng ekki sjálfkrafa aftur í hlutlausan (sparka út).

V.
*Tiltækar stöður Lyfta og Flot. Hök í Lyfta og Flot. Stöng ekki sjálfkrafa aftur í hlutlausan (sparka út).

* Til að velja stöðu 5 skal setja fjarstýrilokann í hlutlausan, velja stöðu I eða IV og færa síðan stöngina í flotstöðu. Veljið stöðu V þegar stöngin er í floti.


Til að afvelja stöðu V skal setja fjarstýrilokann í flot, snúa valstjórnubúnaði í stöðu I eða IV og færa síðan fjarstýrilokann í hlutlausan. Nú er hægt að velja stöður I til IV.

⚠ VIÐVÖRUN

Óvænt hreyfing!

Þegar staðið er á aflvélinni skal tryggja að stangir fjarstýriloeka séu í réttri stöðu **ÁÐUR** en aðalrofinn er notaður. Þetta kemur í veg fyrir að tengt verkfæri hreyfist fyrir slysi. Vanræksla á þessari varúðarráðstöfun gæti leitt til dauða eða alvarlegra meiðsla.

W0433A



BRH3755B 5


Með veljara í stöðum I til IV - Hlutlaust
Með veljara í stöðu V - Flot

Flæðisstjórn

Hver fjarloki er með sína eigin flæðisstjórn **(1)** sem veitir flæðisstillingu fyrir hvern loka.

Snúið stjórnhnappi fyrir flæði rangsælis til að auka olíu-urennislið.

Hlutinn Forskrift í þessari handbók hefur að geyma upplýsingar um tiltækt flæði.




BRE1562B 6

Lásbúnaður stýripinna (ef uppsettur)

Ef stýripinninn er ekki í notkun eða stýra þarf einum fjarstýriloka er hægt að læsa stýripinnanum með láspinna **(1)**.

- Láspinna að fullu þrýst í kragann:
 - Stýripinninn er læstur í allar áttir – áfram, afturábak og til hliðar.
- Láspinni færður í miðstöðu:
 - Stýripinnanum er notaður í stefnuna áfram og afturábak. Nota má lokanúmer eitt. Hliðarfærsla er hindruð.
- Láspinni er togaður að fullur úr kraganum:
 - Stýripinninn virkar í allar áttir. Nota má lokanúmer eitt og tvö.



SVIL13TR00608AB 7

Viðhaldsskrefið hér að neðan er nauðsynlegt **Á 750 KLUKKUSTUNDA FRESTI EÐA Á 2 ÁRA FRESTI.**

Athugið handhemilinn

Láta skal athuga og stilla handhemilinn hjá viðurkenndum söluaðila þar sem ferlið krefst fjarlægingar nokkurra íhluta.